

SVÍFANDI GÖNGUSTÍGAR HOVERING TRAILS

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
ALLA LEIÐ

EIGINLEIKAR OG SÉRSTAÐA:

- Samkeppnishæft verð
- Endingarbetri og viðahaldsminni en aðrir stígar sem tíðkast
- Form og litir aðlagast umhverfi
- Afturkræf aðgerð
- Ekki þarf jarðrask til að koma þeim fyrir
- Auðvelt að púsla saman og setja upp
- Mynda alla tegundir beygja og fylgja halla
- Pallar, lýsing og skilti eru partur af kerfinu
- Færir hjólastólum og með hálkuvörn

+354 857 89 81
info@hoveringtrails.is

WWW.HOVERINGTRAILS.IS

ALT≠RNANCE
ARCHITECTURE & URBAN PLANNING

NEY
+PARTNERS



Hönnunin er vernduð hjá WIPO - the world intellectual property organization
Verkið fékk þrisvar sinnum styrk úr tækniþróunarsjóði og þá 2 sinnum til tveggja ára.
Styrkirnir (2017,2019 og 2020) gerðu þróun og smíði vörunnar mögulega og að veruleika.

UMHVERFISVÆN LAUSN

SVÍFANDI GÖNGUSTÍGAR er sveigjanlegt og umhverfisvænt göngustígakerfi sem lágmarkar snertipunkta við jörðina og hlífir þannig viðkvæmum náttúruperlum frá átroðningi samhliða því að auðvelda aðgengi fjölda fólks að vinsælum ferðamannastöðum.


Göngustígakerfið má nýta mjög víða, laga að mismunandi aðstæðum og þörfum

Sérstaða hönnunarinnar felst í því að stígana má leggja án þess að skemma undirlagið. Markmiðið er að laga hið manngerða að náttúrunni og lágmarka náttúruspjöll sem og sjónræn áhrif af framkvæmdinni.

Stigurinn „lyftir sér“ frá jörðu og hlífir landinu.

Vegna v-laga burðarformsins er jarðvegurinn undir stígunum sýnilegur og nýtur birtu. Það gefur mosa og lynngróðri færi á að halda sér. Oftar en ekki er nauðsynlegt á friðlandi að um afturkræfa framkvæmd sé að ræða. Ófullnægjandi árangur hefur víða fengist með malarstígum, malbiki og timburstígum.

Svífandi göngustígarnir geta bjargað landi frá átroðningi á ótrúlegustu stöðum og skilað ósnortinni náttúru áratugum síðar.




Langsnið sem sýnir öxultengingu og þversnið sem sýnir stígin í hallandi landslagi og festingar fyrir handrið



LÁGMARKAR
SNERTIPUNKTA VIÐ
JÖRÐINA OG HLÍFIR
ÞANNIG VIÐKVÆMUM
NÁTTÚRUPERLUM



FÆRIR HJÓLASTÓLUM OG
MEÐ HÁLKUVÖRN



SVÍFANDI GÖNGUSTÍGAR ERU
SÉRSTAKLEGA ÁHUGAVERÐIR Í
UMHVERFI ÞAR SEM ERU HRAUN,
HVERASVÆÐI EÐA MÝRAR

VIÐ ERFIÐAR AÐSTÆÐUR

SVÍFANDI GÖNGUSTÍGAR eru sérstaklega áhugaverðir í umhverfi þar sem eru hraun, hverasvæði eða mýrar, þar sem aðstæður eru erfiðar og krafa er um raunverulegan möguleika á afturkræfni.

Stígarnir eru í Hveradölum við Hengil eru sönnun þess að þeir standast allar þær kröfur sem erfiðar aðstæður gera. Þar sem gamli göngustjóðinn var horfinn undir hverasvæði og slys voru regluleg er nú öruggi og einstök upplifun.